

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Kærumálið
nr. 6/1942.

Steingrímur Arnórsson
gegn

Sigfúsi Sigfússyni og
Huldu Guðjónsdóttur.

Kærumáli um málskostnað frestað vegna áfrýjunar aðal-
máls.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru, dags. 4. des. f. á., er hingað barst 22. s. m.,
kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings
Reykjavíkur, er upp var kveðinn 2. des. f. á. í máli hans
gegn varnaraðiljum.

Varnaraðiljar hafa skotið framangreindu máli til hæsta-
réttar með stefnu 4. þ. m. til þingfestingar í febrúarmánuði
n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117.
gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta kærumálinu ex officio,
unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framan-
skráðu.

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Kærumálið
nr. 5/1942.

Ásgeir Pétursson & Co. h/f.
gegn

Verzlun Stefáns Guðjohnsens, Húsavík.

Málskostnaðarákvæði dóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Sigurði Eggerz, bæj-
arfógeta á Akureyri, og samdómsmönnum hans Kristjáni
Árnasyni og Benedikt Steingrímssyni.

Með kæru, dags. 16. nóv. f. á., kominni til hæstaréttar 22.

des. f. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85 frá 1936 ákvæði um málskostnað í dómi sjó- og verzlunardóms Akureyrar frá 12. nóv. f. á. og krefst þess, að téð ákvæði verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals kr. 621.45. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir hæstarétti, kr 250.00 eða eftir mati dómsins. Stefndi hefur ekki sent hæstarétti greinargerð um málið.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að dæma sóknaraðilja kr. 400.00 upp í málskostnað í héraði. Svo ber varnaraðilja og að greiða sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Varnaraðili, Verzlun Stefáns Guðjohnsens, Húsavík, greiði sóknaraðilja, Ásgeiri Péturssyni & Co. h/f, kr. 400.00 upp í málskostnað í héraði og kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 12. nóvember 1942.

Mál þetta hefur höfðað framkvæmdarstjóri Ásgeir Pétursson f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co., Knarrarbergi, Öngulsstaðahreppi fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar með stefnu, dags. 20. sept. 1940, gegn verzlunarstjóra Einari Guðjohnsen f. h. Verzlunar Stefáns Guðjohnsens til þess að fá hann dæmdan til greiðslu skuldar, að upphæð 4698.38 aura, auk 5% ársvaxta frá 1. jan. 1938 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann kr. 591.45.

Í stefnunni er skýrt svo frá:

Haustið 1936 útskipaði Ásgeir Pétursson & Co. farmi af sild í e/s Heklu, sem bæði félagið og ýmsir áttu, þar á meðal stefndu. Höfðu þeir munnlega falið stefnanda að sjá um sölu á sildinni. Farmur þessi var síðan sendur til Svíþjóðar, og við honum tók þar C. James Anderson, Smögen. Lánaði hann fyrir fram út á sildina sem svaraði kr. 13.50 pr. tunnu. Þessi greiðsla var að sjálfsögðu ekki bind-

andi fyrir hann, og átti hann því rétt til endurgreiðslu, ef sildin seldist fyrir lægra verð en láninu svaraði.

Pontus Nilson sá um sölu á sildinni, en C. J. Anderson tók á móti öllum greiðslum fyrir hana og greiddi allan kostnað vegna sildarinnar. Þegar þetta var gert upp, kom það í ljós, að sild stefnda sem og annarra, er farminn áttu, seldist fyrir mun lægri upphæð en C. J. Anderson hafði lánað út á sildina. Var þetta aðallega vegna þess, að sild hafði fallið í verði haustið 1936, og auk þess var töluvert af sildinni skemmd vara, sérstaklega sú sild, sem stefndi sendi, sem var allmikið skemmd. Þar sem h/f Ásgeir Pétursson & Co. hafði sent greindan sildarfarm á sínu nafni, varð félagið að endurgreiða allan mismuninn á raunverulegu söluverði sildarinnar og því, sem lánað hafði verið fyrirfram út á hana. En stefnandinn hafði í upphafi afhent stefndum svo og öðrum, sem sildina áttu, kr. 13.50 pr. tunnu af peningum þeim, sem C. J. Anderson lánaði út á sildina í trausti þess, að sildin mundi seljast nettó fyrir það verð.

Stefndi krefst algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, þar á meðal málskostnaðarkröfunni, en til vara krefst hann sýknu vegna „partianna“ SS, SSS og MH, er hann telur hafi eigi verið eign stefnda, og einnig krefst hann málskostnaðar, þó varakrafan verði tekin til greina.

Sild sú, sem stefndur seldi út, virðist samkvæmt skýrslu hans hafa verið:

441 tn. sild merkt STG	
26 — — — MH	
145 — — — SS	
46 — — — SSS	

eða samtals 658 tonnur.

Á sölu-reikningnum eru taldar seldar:

202 tn. sild merkt STG		kr. 14.00
238 — — — —		— 10.80
26 — — — MH		— 9.00
143 — — — SS		— 7.50
2 — — — SS		— 11.00
45 — — — SSS		— 7.50

eða 656 tonnur.

Virðist þá vanta reikning fyrir 1 tn. sild, merkt St. G.

Ekki sést, hvort tunnan, sem vantar, hafi verið í hærri flokkn-um á kr. 14.00 eða lægri flokki á kr. 10.80. Enn fremur vantar 1 tn. af sild SSS kr. 7.50.

Stefndur hefur mótmælt því, að honum beri að greiða nokkuð vegna vöru-flokkanna MH, SS, SSS, sem eru samtals 217 tonnur.

Segir umboðsmaður stefnda, að þessar tonnur séu umbjóðanda sínum óviðkomandi, eins og merki þeirra beri með sér, og þessu til

sönnunar visar hann í réttarskjal 15, bréf til Ásgeirs Péturssonar & Co., dags. 15. marz án ártals, en í því talar hann um meðeigendur sína í 658 tunnum.

Enn fremur visar hann í rskj. 9, vottorð Þorsteins Gunnarssonar, en í því bréfi segir, að hann sjálfur hafi flutt um borð í skipið þær tunnur, sem hann átti í vörusendingunni, og það son Ásgeirs Péturssonar fyrir þær, sem hafði verið um borð í skipinu. En við vitnaleiðslu í Reykjavík neitar Jón Ásgeirsson þessu öllu. Þá mótmælir hann og ákveðið, að hann eigi að greiða stefnanda til baka nokkuð af fyrirframgreiðslunni, er vöruflokk hans snertir, og mótmælin gegn endurgreiðslu á sína vörusendingu gildi einnig um hinar vörusendingarnar. Segir hann, að báðir eigendur hins stefnda fyrirtækis, Einar og Þórður, staðfesti, að samkomulag hafi orðið á milli þeirra og Ásgeirs Péturssonar um, að fyrirframgreiðslan skyldi óafturkræf. Þá visar hann í réttarskjal 17, bréf til Ásgeirs Péturssonar, þar sem hann segir, að allir sildareigendurnir að greindum 658 tunnum hafi skoðað fyrirframgreiðsluna óafturkræfa.

Bréf þetta er dags. 12. maí 1937, og segir í enda bréfsins, að búið muni að selja sildina. Umboðsmaður stefndu segir, að svar við þessu bréfi hafi eigi komið.

Um aðiljayfirheyrslu var beðið í málinu og um, að Jón Ásgeirsson yrði leiddur sem vitni. Fór vitnaleiðslan fram í Reykjavík 1. október 1942, og neitaði Jón Ásgeirsson því, að hann hefði nokkuð haft með þessa samninga að gera. Hins vegar fór ekki aðiljayfirheyrsla fram yfir Ásgeiri Péturssyni vegna veikinda hans.

Þá hefur umboðsmaður stefnda mótmælt vottorði Jóns Þórðarssonar á réttarskj. 6, en í því vottorði segir, að sildin hafi átt að seljast á kostnað og ábyrgð sildareigenda.

Þá hefur umboðsmaður stefnda haldið því fram, að sildin hafi eigi getað selzt fyrir það smánarverð, sem í upphafi var gefið, og ber brögður í því sambandi á skýrslu Pontus Nilsens í rskj. 30 á bl. 28—29. Segir hann, að því er sild umbjóðanda hans snertir, að söluverðið sé eigi tilgreint og nafn kaupanda eigi nefnt, og sama segir hann gildi um merki MH. Er rétt að taka fram, að Pontus segir um 202 t. af þessari sild, að eftir því sem hann komist næst, komi verðið kr. 14.00 heim við söluverðið að frádregnum kostnaði í Göteborg, en söluverðið þar er ekki tilgreint. Að því er 238 tunnur af þessari sild snertir, segir Pontus, að hún hafi verið seld til Kaupmannahafnar, Hamborgar og ýmissa firma í Svíþjóð, og segir Pontus, eftir því sem hann komist næst, sé meðalverðið alveg rétt. Um merkin MH segir Pontus, að sú sild hafi öll verið flökuð og talin mjög svo léleg, svo miklu varð að kasta úr við flökun. Segir Pontus, að verðið, sem gert er upp með 9 kr., muni svara til þess, sem fékkst fyrir flökuðu sildina.

Þá mótmæla stefndu vottorði Svianna Nils Ahlnérs og Thure

Bloom og Arnt Person. Þessir menn segja, að sildin í flokki SG sé meyr, en merkin MH, SS og SSS súr.

Þá hefur stefndur haldið því fram, að fyrirframgreiðsla hafi aðeins farið fram fyrir 600 tonnur, en ekkert hafi verið greitt fyrir 58 tonnur.

Fylgiskjal 2 sýnir, að 8000 kr. hafi farið upp í fyrirframgreiðsluna, og samkvæmt því vantar kr. 883.00 til þess, að greiddar séu 13 kr. 50 fyrir 658 tonnur. Sýnist þá vanta 100 kr. til fyrirframgreiðslu á 600 tonnnum.

Rétturinn lítur svo á, að hér sé um umboðssölu að ræða, enda áttu stefndu að fá það, sem sildin seldist fram yfir kr. 13.50. Að því er það atriðið snertir, hvort kr. 13.50 sé lágmarksgreiðsla fyrir sildina, þá eru engir skriflegir eða vottanlegir munnlegir samningar um það, en þar sem hér virðist um umboðssölu að ræða, þá ber að líta svo á, að sönnunarskyldan hvíli á stefnda um það, að kr. 13.50 sé óafturkræf greiðsla.

Samkvæmt þessu ber því eigi að líta svo á, að kr 13.50 hafi verið óafturkræf.

Að því er snertir 217 tonnur, sem á eru merkt MH, SS og SSS, þá segir stefndur á réttarskjali 8, að hún hafi verið seld fyrir milligöngu sína. Enn fremur hefur hann tekið á móti peningum upp í fyrirframgreiðsluna og greitt hlutaðeigendum. Ber því að líta svo á, að stefnandinn geti haldið sér að stefnda með endurgjald fyrir þessa sildarflokka.

Þá lítur rétturinn svo á, að þar sem vitnisburðir þeirra Svianna um skemmdir á sildinni voru eiðfestir, þá megi þrátt fyrir það, þó enginn mætti sérstaklega við eiðfestinguna vegna vöruflokka þessara, sem getur um hér að framan, telja vitnisburði þessa sönnun fyrir því, að sildin hafi verið skemmd.

Þá lítur rétturinn svo á, að andvirði sildarinnar, sem talið er í réttarskjali 2, megi leggja til grundvallar, enda mótmæli gegn því eigi nógu ákveðin, auk þess sem vitað er, að mjög erfitt er að selja skemmda sild nema fyrir lítið verð.

Að því er kröfuna snertir um fyrirframgreiðslu á 58 tonnnum, þá hefur hún engin áhrif á málið, því vegna þess, að fyrirframgreiðslan fór eigi fram fyrir þær, þá verður endurgreiðslukrafan þeim mun minni.

Að því er andvirðið snertir fyrir 2 tonnur, er vanta (Sk), virðist mega telja það kr. 21.50 mínus flutningsgj. kr. 4.00, eða sænskar kr. 17.50, eða í íslenskum kr. eftir þáverandi gengi, eins og það er sett á rskj. 2, kr. 19.91, og dregst það frá kröfu stefnandans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 4698.38 aur. mínus kr. 19.91, eða kr. 4678.47, ásamt 5% vöxtum frá 1. jan. 1938.

Málskostnaður fellur eftir atvikum niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, verzlunarstjóri Einar Guðjohnsen f. h. Verzlunar St. Guðjohnsens, greiði stefnandanum, Ásgeiri Péturssyni f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co., kr. 4678.47 ásamt 5% vöxtum frá 1. janúar 1938.

Málkostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fulllengja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. janúar 1943.

Nr. 90/1942. **Stefán Stefánsson**

gegn

Fanneyju Benónýs

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Um öflun framhaldsskýrsla.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður dómur gengur í máli þessu í hæstarétti, þykir rétt að fresta málinu og leggja fyrir fógeta samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að veita aðiljum kost á því að afla skýrsla um eftirgreind atriði og önnur þau atriði, er málið varða og efni kunna að standa til:

1. Stefnda skal spurð um heimilishagi sína og heimilisfólk og innt eftir því, hvenær fyrrverandi húseiganda hafi fyrst orðið kunnugt um dvöl Jens Marius Jensens á heimili stefndu og hvort nefndur húseigandi hafi samþykkt þá dvöl eða látið hana ómótmælt viðgangast.
2. Aðiljum skal gefinn kostur að afla vættis Wilsons um það, hvenær honum hafi orðið kunnugt um dvöl greinds Jensens á heimili stefndu, hvenær frú Wilson hafi fengið vitneskju um þá dvöl og hvort hún hafi samþykkt hana í orði eða látið hana viðgangast.
3. Rétt er og að samprófa stefndu og Wilsonshjónin, ef efni standa til.